



# Verkmenntaskóli Austurlands

Sjálfsmatsskýrsla skólaárið 2013-2014

## Efnisyfirlit

Formáli .....	4
Sjálfsmatsáætlun vor 2013 – vor 2016 .....	4
Sjálfsmat haustönn 2013 .....	5
Geðrækt - könnun á upplifun nýnema á busun .....	5
Áfangamat .....	5
Helstu niðurstöður .....	5
Menntunarstig kennara .....	6
Úttekt á kennsluáætlunum .....	9
Tímasett umbótaáætlun fyrir haustönn 2013 .....	9
Sjálfsmat vorönn 2014 .....	10
Áfangamat .....	10
Helstu niðurstöður .....	10
Opnir dagar og árshátíð nemenda .....	11
Kennsluaðferðir og námsmatsaðferðir .....	12
Annarmat .....	14
Tímasett umbótaáætlun vorönn 2014 .....	28
Sérstakur stuðningur við nemendur .....	28
Náms- og starfsráðgjöf .....	29
Starfsbraut .....	29
Framhaldsskólabrautin .....	30
ABG-Verkefni .....	30
Sérkennari .....	30
Tillögur til úrbóta .....	31
Tillögur sem bæta má við tímasetta umbótaáætlun .....	31
Lokaorð .....	32
Viðauki 1 - Geðrækt - könnun á upplifun nýnema á busun .....	33
Er eitthvað við nýnemaviðburðina sem þú vildir breyta? .....	35
Er eitthvað sem þér fannst sérstaklega skemmtilegt eða vel heppnað? .....	35
Skilaboð til stjórnenda .....	35
Viðauki 2 - Sjálfsmatsáætlun vor 2013 – vor 2016 .....	36
Viðauki 3 – Samræmd kennsluáætlun .....	39
Viðauki 4 – Opnir dagar og árshátíð .....	41
Nemendur .....	41
Kennarar .....	49
Viðauki 5 – Tímasett umbótaáætlun skólaárið 2013-2014 .....	53
Viðauki 6 - Um sérstakan stuðning við nemendur. Ýtarefni og viðtöl við starfsfólk. ....	56

Náms- og starfsráðgjöf .....	56
Starfsbraut .....	57
Framhaldsskólabrautin .....	58
Sérkennari.....	59
Heimildir. ....	60

## Formáli

Á vorönn 2013 hófst vinna samkvæmt nýrri sjálfsmatsáætlun fyrir tímabilið 2013-2016 og er þetta önnur skýrslan á nýju tímabili. Þessi skýrsla tekur yfir skólaárið 2013-2014.

Sjálfsmatsnefndina skipa áfram Gunnar S. Ólafsson, Ingibjörg Þórðardóttir, Pjetur St. Arason og Sigurborg Hákonardóttir og var fundað 3 af hverjum 4 vikum (75%), klukkustund í senn á haustönn 2013 en oftár á vorönn 2014.

## Sjálfsmatsáætlun vor 2013 – vor 2016

Eins og áður hefur komið fram þá var sjálfsmatsáætlunin aðallega unnin út frá kaflanum um stefnu og markmið í almenna hluta skólanámskrár Verkmenntaskóla Austurlands (VA). Þar er fjallað ítarlega um það sem þarf að meta. Sumt af því er þess eðlis að gæðanefndin hefur ekki bolmagn (tíma og fjármagn) til að gera það. Annað er gert á hverri önn eða hverju skólaári og er hluti af störfum skólameistara, námsráðgjafa og áfangastjóra. Áætlunin er sýnd í Viðauka 1 en hér neðan við er upptalning á því sem gera átti á haustönn 2013 og vorönn 2014.

### Haustönn 2013

- Áfangamat
- Kanna menntunarstig kennara og endur- og viðbótarmenntun þeirra síðastliðin 5 ár. Afla upplýsinga um aðra skóla frá KÍ.
- Gera úttekt á kennsluáætlunum og samræma. Skoða ISO staðla sem notaðir eru m.a. í VMA og Tækniskólanum.
- Gert grein fyrir niðurstöðum haustannar.

### Vorönn 2014

- Áfangamat
- Meta opnu dagana
- Gera úttekt á þeim námsmatsaðferðum sem notaðar eru í VA og bera saman við fyrri kannanir. Meðal þess sem á að kanna er hvaða aðferð nemendum finnst best
- Kanna hver sérstakur stuðningur er veittur nemendum og bera saman við könnun sem gerð var á haustönn 2010
- Skrifuð áfangaskýrsla fyrir skólaárið og tímasett umbótaáætlun gerð.

Til viðbótar við það sem áætlunin gerir ráð fyrir var busavígslan metin á haustönn 2013 og á vorönn 2014 var framkvæmt s.n. annarmat en það er svipað og áfangamat, nema í því svara kennarar spurningum um þann áfanga sem metinn var hjá þeim. Einnig var gerð könnun meðal kennara varðandi opnu dagana. Þá var veitt aðstoð við tvær kannanir kennara; könnun á upplifun og starfsháttum kennara í VA vorönn 2014 og könnun á fjölmiðlanotkun nemenda. Niðurstöðurnar voru sendar viðkomandi kennurum og eru ekki hluta af sjálfsmati VA. Að lokum var veitt aðstoð við könnun vegna Verknámsviku VA og Fjarðabyggðar.

## Sjálfsmat haustönn 2013

### Geðrækt - könnun á upplifun nýnema á busun

Á haustönn 2013 var gerð könnun á upplifun nýnema á busun. Var þetta gert í samvinnu við geðræktarhóp VA vegna verkefnisins *Heilsueflandi framhaldsskóli*. Svör bárust frá 20 nemendum sem er yy% af nýnemum haustannarinnar. Niðurstöðurnar voru sendar forsvarsmanni hópsins og má sjá þær í Viðauka 1.

### Áfangamat

Á haustönninni voru 25 áfangar metnir og vantaði 5 upp á að metinn væri einn áfangi hjá hverjum kennara. Um var að ræða hefðbundið áfangamat og engum aukaspurningum bætt við að þessu sinni. Eins og venjulega voru svörin send viðkomandi kennara og skólameistara. Alls fengust 249 svör, en þess ber að geta að sumir nemendur svara í fleiri en einum áfanga. Svörunin var 68%, minnst 16% og mest 100%.

### Helstu niðurstöður

Ekki þykir ástæða til að birta allar niðurstöður áfangamats hér heldur verða aðeins sýnd svör við nokkrum spurningum.

### Kyn og aldur

Kynjaskipting svarenda var 49% KK og 51% KVK. Meðalaldur svarenda var 18,43 ár, yngstur 16, elstur 50.

### Kennsluáætlun á kennsluvef

Unnið hefur verið markvisst að því undanfarin ár að kennarar setji kennsluáætlun inn á kennsluvef í upphafi annar. Í áfangamati eru nemendur spurðir hvort það hafi verið gert og var svarið já í 21 áfanga, nei í 1 og vafi í þremur (50/50). Vafinn hlýtur að skrifast á

nemendur, því varla fer á milli mála hvort kennsluáætlun hafi verið sett inn eður ei. Einn áfangi án notkunar kennsluvefs er einum of mikið. Vert er að benda á að ekki eru allir áfangar sem kenndir eru við skólann metnir og gætu þeir því verið fleiri þar sem áætlun er ekki sett inn á kennsluvef. Sjá einnig niðurstöður áfangamats og annarmats á vorönn 2014.

Þegar nemendur voru spurðir hvort kennsluáætlun væri vel fylgt svöruðu þeir:

- Sammála 45%
- Frekar sammála 39%
- Bæði- og 12%
- Frekar ósammála 0%
- Ósammála 4%

### *Nýting kennsluvefs*

Flestir nemendur voru ánægðir með hvernig kennsluvefurinn nýtist. Hann var ekkert notaður í 4 áföngum og gamalt efni hékk inni í tveimur áföngum. Dæmi um svör eru:


- Fjarnemi spurði um virkan umræðuvef
- Óþarfi að nota vefinn í stærðfræðiáfangi
- Yfirþyrmandi, mætti vera minni áhersla á hann
- Hún nýtist þannig að við fengum upplýsingar hvað við áttum að gera í næstu tímum en svo seinnipartinn notuðum við lokaðan facebookhóp til þessi að dreifa upplýsingum
- Ég kann eiginlega ekkert á hann, útaf hann er á ensku (í ensku áfanga)

### **Menntunarstig kennara**


Ákveðið var að bera okkur saman við samstarfsskóla okkar, Menntaskólann á Egilsstöðum (ME), Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu (FAS), Menntaskólann á Ísafirði (MÍ), Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum (FÍV) og Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra (FNV). Keypt voru gögn frá Hagstofu Íslands og bárust þau í byrjun desember. Kom þá í ljós að nýjustu tölur sem hagstofan selur eru tveggja ára gömul, því þessar tölur voru frá haustinu 2011. Setja verður þann fyrirvara að staðan hafi breyst frá þeim tíma og samanburðurinn er í raun bara staðan eins og hún var haustið 2011. Athugað var menntun starfsfólks við kennslu, kennsluréttindi starfsfólks og starfsheiti. Eingöngu var miðað við starfsmenn í 50% starfshlutfalli eða meira sem stundaði einhverja kennslu.

Skóli			Án Fjöldi réttinda	Án réttinda, %	Með réttindi, %
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	FNV	32	2	6,3	93,8
Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu	FAS	13	3	23,1	76,9
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	FÍV	21	4	19,0	81,0
Menntaskólinn á Egilsstöðum	ME	27		0,0	100,0
Menntaskólinn á Ísafirði	MÍ	20	2	10,0	90,0
<b>Verkmenntaskóli Austurlands</b>	<b>VA</b>	<b>22</b>	<b>6</b>	<b>27,3</b>	<b>72,7</b>
Alls:		135	17	12,6	87,4
Landið allt:		1915	259	13,5	86,5

## Kennsluréttindi starfsfólks við kennslu í nóvember 2011



## Menntun starfsfólks við kennslu í nóvember 2011



### Starfsheiti starfsfólks við kennslu í nóvember 2011

Starfsheiti	Fjöldi
aðstoðarskólameistari	3
skólameistari framhaldsskóla	3
framhaldsskólakennari	96
leiðbeinandi í framhaldsskóla	14
stundakennari á framhaldsskólastigi	1
deildarstjóri í framhaldsskóla (aðallega við kennslu)	1
áfangastjóri í framhaldsskóla	4
verkefnastjóri við kennslu á framhaldsskólastigi	1
þroskaþjálfari	1
kennslustjóri	6
námsráðgjafi	4
kerfisfræðingur (án háskólaprófs)	1
	135



Eins og sést á þessum myndum þá var haustið 2011 hæsta hlutfall starfsfólks við kennslu án réttinda í VA eða 27,3%. Á vorönn 2014 var þetta hlutfall 25% , eða 4 af 20. Til viðbótar störfuður á vorönn 2014 12 stundakennarar, 8 í 25% starfshlutfalli og 4 í 30-40%. Það er markmið hvers skóla að allir þeir sem starfa við kennslu hafi til þess tilskilin réttindi. Það er og hefur verið vandamál í VA að manna stöður í verknámi með kennurum. Nauðsynlegt að fara yfir hvernig þetta er best leyst og skoða allar leiðir í samvinnu við fyrirtæki í Fjarðabyggð. Það mætti til dæmis athuga möguleika á því að fyrirtækin, hvert fyrir sig, eða í samvinnu kosti kennarastöðu og útvegi kennara.

## Úttekt á kennsluáætlunum

Á haustönninni var farið yfir allar kennsluáætlanir sem kennarar höfðu skilað inn á sameign. Nánast allir höfðu skilað og voru fáar áætlanir sem þurfti að laga. Ákveðið var að taka upp samræmda kennsluáætlun haustið 2014 eftir fyrirmyndum frá VMA og Tækniskólanum, en þær eru gerðar samkvæmt ISO staðli (Viðauki 3). Í upphafi vorannar 2014 var kennurum kynnt nýtt form á kennsluáætlun og völdu nokkrir að prufukeyra hana á önninni.

## Tímasett umbótaáætlun fyrir haustönn 2013

Tímasett umbótaáætlun er lifandi plagg og tekur sífelldum breytingum. Í sjálfsmatsvinnunni koma sífelld fram tillögur til úrbóta og eru margar af þeim leystar strax. Það sem ekki er hægt að gera strax er bætt við tímasetta umbótaáætlun. Ítarlegri úgáfu áætlunarinnar með viðbótum má sjá í Viðauka 3.

- Gátlisti annar – minna kennara á hann í upphafi annarinnar og afhenda nýjum kennurum - OK
- Leiðsögukenndari fyrir nýja kennara - OK
- Fjarnemar – hvernig þeim líkar fyrirkomulagið og þjónustan sem skólinn veitir – frestað til haustins 2014
- Heimanám í kennsluáætlun – setja öll stór verkefni í kennsluáætlun – OK, ítreka í byrjun hverrar annar.
- Umsjónakennarafyrirkomulag – OK
- Vinnureglur varðandi böll, o.fl. – OK
- Auka notkun kennsluvefs, stöðug áminning í upphafi hverrar annar - OK
- Auka svörun í áfangamati – stöðug áminning
- Endurskoða áfangamat – OK

- Geðræktarkönnun - ekki gerð þar sem VA tekur þátt í verkefninu Framhaldsskólalápin 2013-2014
- Funda með stjórn NIVA – OK

## Sjálfsmat vorönn 2014

### Áfangamat

Í áfangamati vorannar 2014 voru metnir 21 áfangar. Niðurstöður voru sendar viðkomandi kennara og skólameistara og fékst 161 svar. 6 kennarar svöruðu aldrei tölvupósti um hvaða áfanga ætti að meta hjá þeim og 3 kennarar lögðu ekki fyrir áfangamat. Því vantaði 9 áfanga uppá að metinn væri einn hjá hverjum. Þetta var rætt á starfsmannafundi í lok vorannarinnar og brýndi skólameistari fyrir kennurum nauðsyn þess að sinna þessu af fagmennsku.

### Helstu niðurstöður

Að þessu sinni var bætt við tveimur aukaspurningum sem báðar tengust verkfalli kennara. Voru nemendur spurðir hvaða áhrif verkfallið hafði á nám þeirra og líðan. Svörin voru margvísleg og eru sýnd í viðauka 4. Ákveðið var að hafa spurningarnar opnar til að fá fram sem flest sjónarmið.

Ef skoðuð eru svör nemenda þá segja 37% að verkfallið hafi haft lítil eða engin áhrif á námið og 32% að það hafi haft lítil eða engin áhrif á líðan þeirra. Vert er að benda á að 5 af þeim áföngum sem voru metnir voru kenndir í verkfallinu og þar svara nánast allir að verkfallið hafi ekki haft áhrif á þá, hvorki nám né líðan.

### Kyn og aldur

Á vorönn 2014 var kynjaskipting svarenda þannig: KK 52% og KVK 48%. Meðalaldur svarenda var 21.4 ár sem er nokkru hærri en á haustönn 2013. Yngsti nemandinn var 17 ára og sá elsti 56 ára.

### Kennsluáætlun á kennsluvef

Kennsluáætlun var sett á kennsluvef í upphafi annar í öllum áföngum sem metnir voru á vorönn 2014. 6 nemendur svöruðu neitandi, en ein og fram kom í annarmatinu (sjá síðar), þá sögðust allir kennarar hafa sett kennsluáætlun á kennsluvef í upphafi annar. Af þessu má því sjá að enn eru nokkrir nemendur sem kunna ekki almennilega á kennsluvefinn, eða þá að þeir líti aldrei á hann.

Þegar spurt var um hvernig kennsluáætlun var fylgt svöruðu nemendur þannig (svör kennara úr annarmati innan sviga):

- Sammála 49% (29%)
- Frekar sammála 37% (43%)
- Bæði- og 11% (14%)
- Frekar ósammála 2% (14%)
- Ósammála 1% (0%)

### *Nýting kennsluvefs*

Langflestum nemendum fannst kennsluvefurinn nýtast vel. Einstaka nemanda fannst hann flókinn og einhver sagðist ekki kunna á hann.


### **Opnir dagar og árhátíð nemenda**


Eins og venjulega á vorönn var gerð skoðanakönnun að loknum opnum dögum og árhátíð nemenda. Þetta er mikilvægt þannig að þeir sem sjá um að skipuleggja þessa viðburði hafi einhverja hugmynd um hvað nemendum finnst. Að þessu sinni er það sérstaklega mikilvægt vegna þess að nemendafélagið skipulagði opnu dagana að þessu sinni. Svör fengust frá 53 nemendum og fannst 35 eða 66% af þeim opnu dagarnir takast vel. Þegar nemendur voru spurðir hvort þeim fannst einhver einn hópur skemmtilegastur þá svöruðu flestir eða 4 sjóferð. Þegar spurt var um árhátíðina fannst 91% þeirra sem svöruðu að þeir væru ánægðir með að hafa árhátíðina í lok opinna daga. Heilt yfir voru nemendur ánægðir með árhátíðina. Eina gagnrýnin sem kom fram varðar annálinn sem nemendur flytja á árhátíðinni. Svörin í heild sinni eru sýnd í Viðauka 4.

Að þessu sinni var svipuð könnun lögð fyrir kennara skólans. Á það var bent á starfsmannafundi að það voru ekki bara kennarar sem komu að opnu dögum heldur tóku aðrir starfsmenn þátt í þeim líka en það láðist að spyrja þá. Verður úr því bætt næst. Svör fengust frá 19 kennurum sem teljast verður fremur slakt ef miðað er við að 25 kennarar fengu sent annarmat. Langflestum, eða 87,5% af þeim sem svöruðu fannst dagarnir takast vel og 81% fannst að dagarnir ættu að vera jafnmargir. Allir kennarar sem svöruðu voru ánægðir með hópana sem voru í boði. Allir þeir sem svöruðu sögðust upplifa að nemendum þætti gaman á opnum dögum. Svör kennara má sjá í Viðauka 4.


## Kennsluaðferðir og námsmatsaðferðir


Á vorönn 2014 var bætt inn spurningum í áfangamatið um kennsluaðferðir og námsmatsaðferðir. Þá var bætt við spurningu í annarmatið (sjá síðar) um hvaða kennsluaðferðir kennarar nota helst. Niðurstöðurnar eru teknar saman í myndir hér aftan við.





Eins og sjá má á þessum myndum þá hafa ekki orðið miklar breytingar frá árinu 2008 á því hvaða kennsluaðferðir nemendum finnst henta þeim best. Vert er að benda á að nemendur og kennarar eru ekki alltaf sammála um hvaða kennsluaðferðir eru helst notaðar.






Þegar borið er saman hvaða námsmatsaðferðir kennarar nota og hvað nemendur finnst henta sér, þá ser ekki mikill munur þar á milli ára 2008 og 2014. Helst má benda á að kennarar nota skrifleg próf meira en nemendur telja að henti sér. Einnig virðast kennarar nota ritgerðir meir en nemendur telja að henti sér.

Aðalniðurstaðan úr þessu er að í VA eru notaðar fjölbreyttar kennslu- og námsmatsaðferðir.


### Annarmat

Á vorönn 2014 var framkvæmt svonefnt annarmat. Í annarmati svara kennarar svipuðum spurningum og nemendur í áfangamati í þeim áfanga sem metinn var hjá þeim. Annarmat var sent 25 kennurum. Fjórir af þeim svöruðu ekki og er það ekki nógu gott. Niðurstöðurnar voru sendar skólameistara og eru teknar saman í myndum hér að neðan.


### Settir þú kennsluáætlun inn á kennsluvef í upphafi annar?




### Mér gekk vel að fylgja kennsluáætluninni.



### Eru fjarnemar í áfanganum?





#### Ef svarið er nei, afhverju ekki?

- Hann mætti ekki eða a.m.k. afar illa.
- Hann notaði ekki kennsluvef, hann skilaði ekki verkefnum. hann stóð ekki við orð sín varðandi samskipti né að mæta í upphafi til að skipuleggja önnina.
- Sumir bara skráðir í áfangann en gerðu ekki neitt.



#### Annað sem þú vilt koma á framfæri varðandi fjarnema?

- Vantar fastari reglur varðandi samband við kennara, verkskil og komu nema í skóla, sérstaklega í verknámi fagbóklegt og verklegt nám
- Fjarnemi var óánægður með að einu kennslugögn áfangans væru kennslubók og glærur. Það er nægilegt efni fyrir staðnema en fjarnemar vænta meira. Mögulega þyrfti að fylgja kennsluáætlun lýsing á vinnu fjarnema yfir önnina. Það var ekki gert ráð fyrir aukavinnu við að taka fjarnema, en þess er þörf ef vel á að vera.
- Fjarnemar þurfa sinningu og við þurfum að muna að halda þeim við efnið. Hafa samband við þá reglulega.
- Það var bara einn sem áuglóslega ætlaði að vera með
- Er eingöngu með fjarnema og kennslan fer öll fram að kennsluvefnum
- Þarf að setja í saming við fjarnema nákvæmari tímasókn og hitting
- Of erfitt að fá þá af stað eða byrja samskipti. áhugaleysi???
- Þeir þurfa að sína af sér mikinn aga, þetta er ekki fyrir alla og það þarf að kynna það fyrir þeim hvaða skyldum þeir gegna. Mjög mikilvægt að þeir mæti í fyrstu tímana til




að leggja línurnar fyrir önnina. Kennarar ættu að fá í hendurnar staðlað verklag varðandi formið ( kennsluvefur, email, skilafrestir og þesshattar


- Þessi áfangi eins og hann er kenndur hentar fjarnemum vel, tel ég.
- Dálítið erfitt að fá já/nei spurningu - náðu þeir? Því eins og með dagskólanema er það bara mjög misjafnt. Ég hef samt áhyggjur af því að hjá dagskólanemum eigi sér stað miklu meira nám en hinum :/
- Fjarnám í verklegum áföngum óframkvæmanlegt




### Nemendur eru skipulagðir í heimavinnu sinni




### Nemendur halda athyglinni vel í tímum




### Nemendur eru virkir í tímum




### Nemendur eru sjálfstæðir í vinnubrögðum



### Andinn í hópnum er góður




### Ég fylgist nákvæmlega með námsframvindu nemenda.




Hvernig voru samskipti þín við nemendur?

- Góð, að ég held.
- Ágæt
- Mjög góð
- Mjög góð
- Þau voru bara nokkuð góð
- yfirleitt góð
- Góð
- Ég held þau hafi verið ágæt
- Góð
- Góð
- Góð
- Góð en stundum erfitt að vita hvort allir væru að fylgjast með á vefnum
- Með ágætum
- almennt góð
- Í flestu ef ekki öllu mjög góð
- heildina á litið jákvæð. Skammir duga skammt þegar áhuga vantar
- Mjög Góð
- I would consider my interaction with students generally good, fair, consistent and respectful.
- Mér finnst þau hafa verið góð.
- Góð. Lenti ekki í neinum vandræðum með samskipti


### Námsefnið sem notað er í áfanganum hentar honum vel



### Yfirferð námsefnis er hæfileg og jöfn




## Hverja af eftirfarandi kennsluaðferðum notar þú að jafnaði í áfanganum?




### Kennsluaðferðir, annað?

Efnið var blandað og tók mið af getu og sérstaklega lestrargetunni. að les annað tungumál en móðurmálið er mörgum erfitt, ef íslenskan er líka í molum, og lestrarerfiðleikar grundvöllur slakrar mámsframvindu.

## Vinnuálag mitt í áfanganum er





#### Á heildina litið, ertu ánægð(ur) með hvernig til tókst með áfangann? Annað.

- Of margir úr nemendahópnum sýna áhugaleysi, seinagang í vinnu verkefna, slaka og óreglulega mætingu, árekstrar í stundatöflu. Nemendur í áfanganum þurfa að sýna athygli við leiðbeiningu, sjálfsaga og athygli við vinnu sína eins og í öllu iðnnámi.
- Mér sýnist það hafa tekist að kenna nemendum eðlisfræði. Það er ég mjög ánægður með
- Verkfallið hefur mikil áhrif á símatsáfanga eins og þennan. Ég þurfti að sleppa ákveðnum þáttum, t.d. samkynhneiðgð og trans. En það hafði kannski ekki úrslitaáhrif og því tel ég að áfagninn hafi verið í lagi.
- Þökkalega sáttur með hvernig til tókst
- Of margir voru með síma í tímum, andlega fjarverandi á köflum og undirbjuggu námið illa.

- Mér fannst ég ná að tileinka mér kennslu í honum þar sem hann var nýr
- Bara.....ha,h
- Miðað við námsefnið sem var margt sitt úr hverri áttinni, samantekt í málfræði og misléttir/þungir textar og skilningur því bundinn þessu
- 3 af 11 nemendum sýndu áhuga. Náði svo 4 til að sýna áhuga og árangri
- overall, I feel the course progressed much as expected - I would have liked to have seen certain students apply themselves more - and I was upset with how the strike affected a couple of my students: they lost impetus and foundered somewhat on their return to class. (á heildina litið, gekk þetta eins og reiknað var með - Ég hefði viljað sjá ákveðnar nemendur leggja meira á sig - og ég var óroleg með hvernig verkfallið hafði áhrif á nokkra af nemendum mínum: þeir misstu hvatann og hikuðu við að skila sér eftir verkfall).
- Mér finnst þessi kennsluaðferð henta þessum áfanga vel og býður upp á ýmsa möguleika og fjölbreytni
- Verkfall + mikið af frídögum tætti lokahlutann dálítið í sundur en margt gekk vel af þeim verkefnum sem var í áfanganum.
- 

**Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri varðandi áfangann eða kennslu þína á önninni?**

- Áfanginn er sniðinn sem verkefnavinna og krefst athyglis, vinnusemi, og eftirtektar við útskýringar og aðstoð kennarans. Í Áfanganum skiptist nemendahópurinn yfirleitt í þrennt: 1. Nemendur sem sökkva sér í verkefnavinnuna og ná fljótt árangri. 2. Nemendur sem meðtaka vinnubrögðin og kennsluaðferðir kennara á hægán og jafnan hátt sýna stöðugar framfarir út önnina. 3. Nemendur sem mæta illa, sýna lítinn áhuga, vilja fá endalausa aðstoð frá kennara án þess að leggja sig fram í vinnunni. Ég hef trú á og hef oft séð að þetta eldist af nemendum þegar þeir eldast og eru komnir á fullt í iðnnámi sínu. Einnig geta nemendur í áfanganum átt við ýmis konar vandamál að stríða sem hamla þeim í náminu og þá verður kennari að taka tillit til þess ímkennslu og umgengni við nemanann. Við þær aðstæður er brýnt að kennari sé vel fræddur um stöðu nemandans í þeim efnum. Það gengur vel í mínu tilfalli. Í áfanganum voru einnig nemendur sem unnu af einstökum áhuga og eljusemi og uppskáru eftir því.
- Heilt yfir held ég að þetta hafi tekist ágætlega. Næst myndi ég sleppa tilraunum sem sérstökum hluta áfangans, og útbúa þess í stað einfaldar litlar tilraunir sem væru hluti



af fyrirlestra kennslu. Einnig myndi ég vilja minnka fyrirlestrakennslu og auka verkefnavinnu og hópavinnu á móti. Það kom í ljós í upprifjunartímunum að þau lærðu mjög mikið af því að berjast sjálf í gegnum gömul próf, með smá aðstoð. Takk fyrir veturinn, þetta er búið að vera mjög skemmtilegt.

- Það var frábært að hafa kennaranema í áfanganum :) Ég tel að það sé tvímælalaust styrkur að hafa fleiri en einn kennara í kynjafræði. Þeir mættu jafnvel vera enn fleiri og þá geta þeir skipt með sér efninu, einn fjallar um klám, annar um mansal, þriðji um femínisma o.s.frv.
- Persónulegar aðstæður og verkfall kennara gerðu það að verkum að mér tókst ekki að sinna starfinu eins og ég vildi hafa gert.
- Mér fannst mjög gaman að fá tækifæri til að fara og læra að verða art þjálfari, verkfall setti strik í reikningi og ég gat ekki klára myndbandsupptökur sem ég hefði átt að klára til að ljúka námi. En ég higgst gera það á næstu önn.
- Er í fyrsta sinn að kenna áfangann eingöngu á kennsluvefnum, án fjarfunda eða fundar í upphafi. Skrýtið að hafa aldrei hitt suma nemendanna í eigin persónu og stundum erfitt að vita hvort einhver er á hinum endanum í svona kennslu finnst mér....
- Óskandi að til væri kennslubók fyrir DAN102 202 sem væri bæði málfræði og textar. Vantar tilfinnanlega gott kennsluefni.
- Það þarf að vera meiri agi heilt yfir. Það gengur ekki að einn sýni aga og svo er gefin slaki annarsstaðar. Einnig er mjög erfitt að hafa nemendur sem sýna faginu engan áhuga, mjög letjandi fyrir mig sem kennara. Stuðningstímar fyrir þá sem eru í árekstrum er æskilegt. Í rafiðnaðardeild geta kennarar deilt þeim á milli sín, við erum með þekkingu á flestum sviðum og krossvinna er möguleg.
- Þetta er í fyrsta skipti sem ég kenni þennana áfanga og er ýmislegt sem kemur upp sem ég spái í hvað hefði mátt gera betur. Er ég með ýmsar hugmyndir varðandi það.
- Skólaferðir voru skemmtileg viðbót en myndi vilja þróa það áfram frekar

### **Hvaða áhrif hafði verkfallið á áfangann?**

- Það merkilega skeði að eftir að verkfalli lauk hljóp kapp í kinn margra nemenda, en þó markar 3ja vikna slit á kennslu verkefnaskil nemenda en samfelda viku viðbótarkennslan og stuðningskennslan hafði mikið að segja.
- Engin bein áhrif. Það hafði áhrif á nemendur, sem þó voru mjög dugleg að mæta í tíma þrátt fyrir verkfall

- Töluverð. Ég fór hraðar yfir ákveðin atriði og neyddist til að sleppa sumu
- Mikil. Ég þurfti einfaldlega að skera efni áfangans niður þar sem þetta er próflaus áfangi og hann fer nánast eingöngu fram í kennslustundum.
- Þeir nemendur sem eru í þessum áfanga eru mjög viðkvæmir fyrir sveiflum, sumir eiga við kvíða að etja. Nemendur voru greinilega kvíðnir og spenntir fyrir verkfallið, og eftir það var eins og úr þeim sumum væri allur máttur.
- Lítil
- Við gátum ekki farið eins vel yfir efnið og við vildum. Nemendur komu tættir til baka.
- Verkfall hafði þau áhvirf að nemendur mist einbeitningu og fannst þetta allat svolítið tilgangslaust en þeim þótti þó gott að koma í art og ræða það svo það var gott, hvað kennslu
- varðar þá svaraði ég því í spurningunni á undan
- Kenndi í verkfallinu en nemendur mættu illa
- Slapp til
- Lítil nema verkefnaskilum sienkaði. Nemendur höfðu aðgang að öllu kennsluefni og verkefnum og gátu unnið sjálfstætt að vild. Það sem ekki var mikið virkt á meðan voru netumræður sem ég nota til að ræða efni áfangans frá ýmsum hliðum.
- Skekkti kennsluáætlun, kom róti og áhugamissi á nemendur varðandi námi
- engin - kennt áfram
- ekkert teljandi til vansa, en í reynd var auðvelt að taka upp þráðinn og vinna upp tapaðan tíma.
- nemendur notuðu það sem afsökun fyrir að mæta ekki í tíma sem voru kenndir áfram. Þetta dróg mikið úr rmætingum hjá nemendum.
- Engin
- I have already mentioned this in a previous answer. The strike appeared to affect a couple of my students in a rather negative way. They lost focus and drive.
- Það hafði ekki mikil áhrif þar sem nemendur voru með verkefni til að vinna.
- Stressaði nemendur mjög mikið. Samviskusamir og sjálfstæðir nemendur náðu að vinna vel í verkfallinu þar sem flest öll verkefni + próf voru komin inn áður en verkfall hófst. Aðrir ekki og fóru alveg í mínus.
- nemendur misstu niður þjálfun

**Hvaða áhrif hafði verkfallið á líðan þína?**

- Slæma.
- Engin
- Streituvaldur
- Verkfallið var mikill steituvaldur og olli mér fjárhagsáhyggjum.
- Það dró óneitanlega úr mér, en við reyndum að halda móralnum uppi.
- Góð
- Lítil sem engin.
- Mér fannst ervit að koma til baka og halda einbeitningu þar sem ég var minnst að kenna eitthvað fast námsefni og allt var svolítið í lausu lofti í því sem ég var að gera.
- Bara alveg ágæt .. rólegt andrúmsloft meðan þið voruð í frí
- viðirst í lagi.
- Afar lítil, er ekki von að mæta á vinnustað til kennslu heldur vinn eingöngu heima og vissi að nemendur væru í ágætum málum í fjarnámsáfanga með aðgang að kennsluefni og verkefnum.
- Fitnaði
- kom ekki að sök
- Ekki neitt sérstakt, en ara gott að það stóð eki lengur. Gat líka farið yfir og samræmt efnið, gefið námsvat og námsvísi, en áfanganum lauk með mjög gagnlegu heimaprófi sem nemendur tóku og máttu nota sem sjálfsmat og varð mörgum styrkur í að vinna sjálfstætt án þess að vera undir álagi. Þessi bekkur var líka mjög blandaður og misjafn. Nokkrir góðir og aðrir frekar slappir og áhugalitlir, ýmis námsvandamál og lítill sjálfsagi, hvað þá að einhver sjálfs gagnýri væri viðhöfð. frekar lágt mat að almennum aðstæðum, þrátt fyrir stuðning.
- Þegar áhugi nemenda minnkaði dróg úr vinnugleði og áhuga mínum á að kenna tóMRI stofu. Jákvæði hlutin var að þeir sem ætluðu að ná áfanganum mættu og fengu maður á mann kennslu.
- Engin
- I probably rushed a couple of areas in the course - but have addressed one area by making the task completed in class one which will be addressed in our next course (ENS503) as a revision and discussion session before continuing with knowledge gained from the task and will be able to apply it to further academic vocabulary tasks in 503.

- Ég brást við eins og margir nemendur. Var mjög dugleg fyrstu vikuna og svo pompaði ég bara niður. Var bara döpur og leið og kom litlu í verk. Upplifði mig lítils metna í samfélaginu og varð reið. Langaði bara að hætta að kenna. Saknaði nemenda minna og hafði miklar áhyggjur af þeim.

Stefnt að því að fara yfir þessar niðurstöður með kennurum á fundi næsta haust.

## **Tímasett umbótaáætlun vorönn 2014**

*Vor 2014 - Umgengni í setustofu nemenda*

Bæta umgengni í setustofu nemenda – spurning hvernig það er best gert. Fela nemendum ábyrgð í samvinnu við NIVA og útskriftarnema sem sjá um sjoppuna? Samkvæmt starfslýsingu húsvarðar ber hann ábyrgð á að umgengni í skólahúsnæðinu sé ávallt til fyrirmyndar. Eilífðarverkefni. - OK

*Vor 2014 – Menntunarstig starfskólks*

Taka saman upplýsingar um menntunarstig starfsfólks og reyna að fá samanburð við aðra skóla. Liggi fyrir í lok annar. - OK

*Vor 2014 – Félagslífshópar*

Kanna aftur þátttöku nemenda í félagslífshópum og í framhaldinu setja tímasett markmið. Gera haust 2014.

## **Sérstakur stuðningur við nemendur**

Á vorönn 2014 var farið yfir hvað sérstaka stuðning skólinn veitir nemendum sem þess þurfa. Pjetur St. Arason vann þennan hluta sérstaklega og fer samantekt hans hér á eftir. Ítarlegri skýrslu má sjá í Viðauka 4.

Nemendur sem sækja framhaldsskóla eiga rétt á þjónustu lögum samkvæmt en í 34 gr. framhaldsskólalaganna, nr. 92 frá árinu 2008, segir að skólar skuli leitast við að veita sérstakan stuðning þeim nemendum sem eiga við sértæka námsörðuleika eða veikindi að stríða. Þá eiga nemendur rétt á sérstakri náms- og starfsráðgjöf. Úttekt sem byggir á viðtölum við starsfólk sem sinnir þessum stuðningi var gerð á vorönn 2014, en sambærileg könnun var gerð haustið 2010.

Við skólann starfar námsráðgjafi í 75% stöðu. Tvær námsbrautir eru starfræktar fyrir nemendur sem þurfa sérstakan stuðning við nám sitt; framhaldsskólabraut og starfsbraut. Þá starfar sérkennari við skólann í hálfu starfi.

## Náms- og starfsráðgjöf

Um 200 nemendur leita til námsráðgjafa á hverri önn, en sumir koma oft en einu sinni. Námsráðgjafa er ætlað að vera nemendum til halds og trausts í námi sínu. Hann styður þá í því að velja sér vettvang að lokinni útskrift úr skólanum hvort sem er í námi eða starfi. Í skýrslu námsráðgjafa haustið 2013 kemur fram að flest þeirra viðtala sem námsráðgjafi á við nemendur tengjast persónulegum erfiðleikum nemenda s.s. kvíða eða þunglyndi, þar á eftir kemur bein námsráðgjöf, aðstoð við að vinna úr námserfiðleikum, námsval og áhugasviðskannanir.

Námsráðgjafi hefur staðið fyrir ýmiskonar námskeiðum, eins og t.a.m. prófkvíðanámskeiði og eins svokölluðu HAM-námskeiði þar sem nemendum er kennt að notfæra sér hugræna atferlismeðferð sér til hagsbóta. Þá kemur námsráðgjafi að kennslu áfanga í náms- og starfsfræðslu fyrir nemendur framhaldsskólabrautar. Auk þessara verkefna sem eru talin hér að ofan þá hefur námsráðgjafi samstarf við umsjónarmann starfsbrautar vegna þeirra nemenda sem þar eru.

## Starfsbraut

Starfsbraut hefur verið starfrækt við Verkmenntaskóla Austurlands frá árinu 2008. Brautin er hugsuð fyrir nemendur sem notið hafa verulegar sérkennslu á grunnskólastigi og þurfa sérhæft einstaklingsmiðað nám miðað við færni og áhuga. Nemendur á brautinni eru átta og er búist við að þeim fjölgi um einn á næsta ári, en gert er ráð fyrir að tveir nemendur útskrifist af brautinni vorið 2015. Auk umsjónarmanns brautarinnar sem er þroskaþjálfari starfar einn kennari á brautinni.

Starf á starfsbrautinni miðar að því að mæta nemendum á þeim stað sem þeir eru í námi. Sumir nemendur sækja alla sína tíma á starfsbrautinni fyrir utan íþróttir og lífsleikni sem þeir sækja með öðrum nemendum. Á meðan aðrir starfsbrautarnemar sækja kennslustundir í almennum greinum eftir getu og áhuga. Þessir nemendur fá þá stuðning við að vinna verkefni og annað heimanám hjá starfsfólki starfsbrautar.

Fyrir nokkrum árum var nemandi á starfsbraut sem tók hluta af námi sínu í tréiðnaði. Þá var gerð tilraun í fyrravetur með einhverskonar iðnáfanga þar sem starfsbrautarnemendur

og framhaldsskólanemendur voru saman í hópi. Þessi tilraun gekk ekki vel vegna samsetningar nemendahópsins. Umsjónarmaður starfsbrautar þarf að sérsníða stundaskrár fyrir hvern og einn nemenda starfsbrautarinnar en þessir nemendur þurfa að fá samfellda stundaskrá.

### **Framhaldsskólabrautin**

Inntökuskilyrði Verkmenntaskóla Austurlands eru miðuð við einkunnir nemenda úr 10. bekk í íslensku, ensku og stærðfræði. Nemendur sem hafa fengið lægri einkunn en 5 í þessum greinum geta komist inn í skólann á framhaldsskólabraut.

Á haustönn 2013 stunduðu 15 nemendur nám á framhaldsskólabraut en þeir voru 14 á vorönn 2014. Nemendur framhaldsskólabrautar njóta forgangs á ýmiskonar stoðþjónustu svo sem tímum hjá sérkennara. Á brautinni eru nokkrir áfangar sem er skylda fyrir alla nemendur að sækja, en auk þess þá sækja nemendur áfanga í almennu námi eftir áhugasviðum sínum. Þar er markvisst unnið að því að kenna nemendum samskipti, nemendum líði betur í skólanum en þeim hefði gert ættu þeir ekki kost á því að vera á þessari braut. Full þörf er á að styðja vel við starfsemi framhaldsskólabrautarinnar, hún er liður í því að sporna gegn brottfalli.

### **ABG-Verkefni**

Námsráðgjafi og umsjónarmaður framhaldsskólabrautar hafa vísað málum áfram til sálfræðings sem starfar við Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað eða til félagsþjónustu viðkomandi sveitarfélags. Þá er skólinn þátttakandi í svokölluðu ABG-verkefni. Það er hugsað fyrir börn og ungmenni sem glíma við hegðunar- og tilfinningavanda. Aðilar að því verkefni eru auk Verkmenntaskólans, Heilbrigðisstofnun Austurlands, Félagsþjónustur Fjarðabyggðar og Fljótsdalshéraðs, Svæðisskrifstofa málefna fatlaðara, Skólaskrifstofa Austurlands og Menntaskólinn á Egilsstöðum.

### **Sérkennari**

Haustið 2013 var sérkennari ráðinn til skólans í 50% stöðu. Sérkennari vinnur náið með umsjónarmanni starfsbrautar og sér að hluta til um kennslu þeirra nemenda sem eru á þeirri braut. Þá þarf að aðlaga námsefni þeirra starfsbrautarnema sem eru í almennum greinum að

þörfum nemendanna. Nemendur á framhaldsskólabraut hafa fengið stuðning hjá sérkennara við heimanám og ýmsa verkefnavinnu.

Sérkennari hefur tekið nemendur í lestrargreiningar. Þá er athugað hvernig nemendur standa í lestrinum og mældir þættir eins og leshraði, skilningur og hlustunarskilngur.

Á vorönn voru auglýstir opnir tímar hjá sérkennara þar sem nemendur gætu komið og fengið aðstoð. Nýtingin á þeim tímum var engin.

### **Tillögur til úrbóta**

- Námsráðgjafi verði í 100% stöðu.
- Umsjónarmaður starfsbrautar fái sérstakan aðgang að upplýsingakerfinu Innu, þannig að hann geti búið til stundarskrár fyrir nemendur brautarinnar.
- Nemendum starfsbrautar verði gert kleift að vera meira í verklegu námi á sínum forsendum.
- Styðja þarf við starfsemi framhaldsskólabrautar.
- Í úttekt árið 2010 kom fram að þá hafi verið myndaður sérstakur hópur til þess að styrkja nemendur með ADHD. Kanna þyrfti hvernig tiltókst með þann hóp og hvort þörf sé á slíkum hópi.
- Nemendur Framhaldsskólabrautar hafi sérstaka stuðningstíma í stundatöflu hjá sér.
- Kennarar geti vísað nemendum til sérkennara eftir því sem þörf er á, meðal annars vegna úrlausna ákveðinna verkefna
- Gera þarf átak í því í skólanum að fjölga lestrargreiningum. Þá væri e.t.v. hægt að grípa inn í með ýmsum úrræðum, eins og að kenna mismunandi lestrartækni.

### **Tillögur sem bæta má við tímasetta umbótaáætlun**

Hér eru nokkrar tillögur sem urðu til við vinnu vetrarins. Fara þarf yfir þær á kennara/starfsmannafundi næsta haust og tímasetja þær. Einnig komu tillögur fram þegar farið var yfir sérstakan stuðning við nemendur (sjá hér að framan).

Fara yfir spurningar í annarmati.

Fjarnemar – hafa umsjónarkennara fjarnema, samræma reglur ofl. Sbr. það sem kom fram hjá kennurum í annarmati.

Nauðsynlegt að nýnemar fái upplýsingar um þær kannanir sem þeir koma til með að svara á skólagöngu sinni. Umsjónarkennarar kynni þetta fyrir þeim á fyrsta fundi og leggi áherslu á nauðsyn þess að svara, bæði fyrir skólann, kennarann og þá sjálfa, þ.e. tækifæri sem þeir hafa til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Áfanga- og annarmat. Virkja kennara betur í þessu. Það hlýtur að teljast fagmennska að láta meta áfanga hjá sér og svara annarmati. Spurning hvort ekki eigi að meta alla áfanga hjá öllum kennurum. Skólameistari þarf að brýna fyrir stundakennurum að þeir eigi að láta meta hjá sér þá áfanga sem þeir kenna.

Kennarar skoði í lok annar hver notkun nemenda á kennsluvef er yfir önnina. Þetta mætti t.d. gera í lok haustannar og taka saman og kynna á fundi. Nauðsynlegt að fá að vita nákvæmlega hver notkunin er.



Brýna fyrir kennurum að fara vel yfir kennsluvefinn með nemendum í upphafi annar í öllum áföngum. Uppsetningin er mismunandi hjá kennurum og komið hefur í ljós að sumir nemendur nota alls ekki vefinn og missa þannig af heilmiklu sem fram fer í áfanganum.

## **Lokaorð**


Eins og sjá má á skýrslu þessari þá hefur heilmikið verið gert í sjálfsmati VA skólaárið 2013-2014. Á vorönninni sleit verkfallið í sundur vinnuna og varð það til þess að ekki tókst að gera alveg allt sem ætlunin var að gera. Auk þess sem gert er samkvæmt sjálfsmatsáætlun, þá hefur bæst við vinna vegna tímasettrar umbótaáætlunar og aðstoðar við ýmiskonar kannanir þar sem SurveyMonkey er notað. Það er því alveg spurning hvort ekki sé kominn tími til að fara endurskoða þann tíma sem sjálfsmatsnefndinni er ætlað til að sinna þessum verkefnum.




## Viðauki 1 - Geðrækt - könnun á upplifun nýnema á busun




### Hvernig fannst þér nýnemabíó og pizzuveisla?



### Hvernig fannst þér busavígslan á föstudeginum?



### Hvernig var heildarupplifun þín af busavíkunni?



### Er eitthvað við nýnemaviðburðina sem þú vildir breyta?

- mér finnst þetta meiga vera harkalegra
- nei alls ekki, þetta var bara allt mjög skemmtilegt og ekkert of hart tekið á busunum eða neitt svoleiðis.
- gera ógeðslegri hluti, ekki einhverjar líkamsæfingar
- hafa þetta verra
- meira ef eitthvað er þetta er svo gaman :)
- Hættum fyrir hádegi á fimmtudeginum, hefði viljal klára daginn
- Fleiri dagar og hafa þetta grófari busun.
- Mér fannst þetta vera of stutt

### Er eitthvað sem þér fannst sérstaklega skemmtilegt eða vel heppnað?

- bara allt :)
- körin voru skemmtileg og að hoppa út í sjóinn.
- mér þótti brautin einskaklega vel heppnuð. Hún hefði mátt vera lengri en þetta var miklu meira og skemmtilegra en ég bjóst við.
- Allt heppnaðist bara vel

### Skilaboð til stjórnenda

- nei
- Mjög skemmtileg busun.
- Þetta er svo gaman og krökkunum finnst þetta vera þess virði.
- Þið eruð snillingar.
- Þetta var bara fínt
- Megið hafa þetta grófara

## Viðauki 2 - Sjálfsmatsáætlun vor 2013 – vor 2016

Þessi áætlun er aðallega unnin út frá kaflanum um stefnu og markmið í almenna hluta skólanámskrár Verkmenntaskóla Austurlands. Þar er fjallað ítarlega um það sem þarf að meta. Sumt af því er þess eðlis að gæðanefndin hefur ekki bolmagn (tíma og fjármagn) til að gera það. Annað á að gera á hverri önn eða hverju skólaári og er hluti af störfum skólameistara, námsráðgjafa og áfangastjóra. Hér á eftir fer upptalning á því sem gæðanefnin ætlar að gera á tímabilinu. Auk þess sem talið er upp hér að neðan verða gerðar kannanir eftir þörfum.

### Vor 2013

- Áfangamat
- Meta opnu dagana
- Kanna hvað gert er af því sem talið er upp í kaflanum um stefnu og markmið í almenna hluta skólanámskrár VA.
- Kanna almenna líðan nemenda
- Kanna þátttöku nemenda í félagslífi
- Skrifuð áfangaskýrsla fyrir skólaárið og tímasett umbótaáætlun gerð.

### Haust 2013

- Áfangamat
- Kanna menntunarstig kennara og endur- og viðbótarmenntun þeirra síðastliðin 5 ár. Afla upplýsinga um aðra skóla frá KÍ.
- Gera úttekt á kennsluáætlunum og samræma. Skoða ISO staðla sem notaðir eru m.a. í VMA og Tækniskólanum.
- Gert grein fyrir niðurstöðum haustannar.

### Vor 2014

- Áfangamat
- Meta opnu dagana
- Gera úttekt á þeim námsmatsaðferðum sem notaðar eru í VA og bera saman við fyrri kannanir. Meðal þess sem á að kanna er hvaða aðferð nemendum finnst best
- Kanna hver sérstakur stuðningur er veittur nemendum og bera saman við könnun sem gerð var á haustönn 2010

- Skrifuð áfangaskýrsla fyrir skólaárið og tímasett umbótaáætlun gerð.

## **Haust 2014**

- Áfangamat
- Kanna aðbúnað starfsfólks og bera saman við fyrri kannanir
- Taka saman yfirlit yfir þá viðburði á vegum skólans sem tengja hann samfélaginu nær og fjær
- Meta skólanámskrá VA
- Gert grein fyrir niðurstöðum haustannar.

## **Vor 2015**

- Áfangamat
- Meta opnu dagana
- Kanna þátttöku nemenda í verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli þar sem á þessari önn lýkur fyrstu umferð í gegnum verkefnið
- Skrifuð áfangaskýrsla fyrir skólaárið og tímasett umbótaáætlun gerð.

## **Haust 2015**

- Áfangamat
- Fá nemendur í félagsfræði og uppeldisfræði til að taka saman umfjöllun fjölmiðla um skólastarfið og það hlutverk sem skólinn gegnir í samfélaginu
- Gert grein fyrir niðurstöðum haustannar

## **Vor 2016 - Samantekt og mat á skólastarfi**

- Áfangamat
- Meta opnu dagana
- Gerð grein fyrir umbótum og árangri
- Athugasemdir skóla við sjálfsmat
- Lokafrágangur sjálfsmatsskýrslu fyrir tímabilið 2013-2016

## Viðauki 3 – Samræmd kennsluáætlun

Áfangi:	
Kennari:	
Önn:	Vorönn 2014

Áfangalýsing	
--------------	--

<b>Markmið:</b>
Þekkingarmarkmið:
Leiknimarkmið:
Hæfnimarkmið:

Námsefni:	
-----------	--

<b>Námsmat:</b>	

Gert er ráð fyrir a.m.k. XXXXX heimavinnu á viku.


		<b>Yfirferðaráætlun annarinnar:</b>	
<b>Vikur</b>	<b>Dagsetning</b>	<b>Efni</b>	<b>Skil á verkefnum og próf</b>
1. vika	7. – 10 jan.		
2. vika	13. – 17. jan.		
3. vika	20. – 24. jan.		
4. vika	27. – 31. jan.		
5. vika	3. – 7. feb.		
6. vika	10. – 14. feb.		
7. vika	17. – 20. feb.		Vetrarfrí 21. feb.
8. vika	24. – 28. feb.		
9. vika	3. – 7. mars		Opnir dagar 5. – 7. mars
10. vika	10.-14. mars		
11. vika	17. – 21. mars		
12. vika	24. – 28. mars		
13. vika	31. – 4. apríl		
14. vika	7. – 11. apríl		
	Páskafri		
15. vika	23. – 25. apríl		Sumardagurinn fyrsti 24. apríl
16. vika	28. – 2. maí		Frí 1. maí
17. vika	5. – 9. maí	Próf	
18. vika	12. – 16. maí	Próf	

*Birt með fyrirvara um breytingar*




## Viðauki 4 – Opnir dagar og árshátíð



### Nemendur



### Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri?


- svona föndurhómmarugl á ekki heima í menntaskóla
- nei
- meiri fjölbreytileika
- mig langar að hafa dans
- hefði samt mátt vera meira íþróttatengt að mínu mati.
- fannst allir hópar sem í boði voru mjög spennandi og var mjög ánægð með alla hópana sem eg valdi !






**Ef nei, afhverju ekki?**

- Passaði ekki timinn a þeim
- hefði verið gaman ef sömu hopar hefðu verið oftar




#### Ef nei, afhverju ekki?

- Ekki nógu margir dagar/tímar
- Persónulegt
- Það voru margir sem að mig langaði að profa
- Þessu var ekki nogu vel raðað niður og síðan breytt til með einhverjum fyrirlestri og svoleiðis rugl.
- var fullt
- Endalaust vesen
- langaði í bakara hópinn en fékk það ekki
- Sá hópur var mjög líklega of vinsæll
- svaf yfir mig á föstudag



### Ef já, hvernig hópa?

- sjóferð
- bílar!
- Það er alltaf það sama t.d að klifra er orðið þreitt
- Fleiri íþróttahópa
- tölvuleiki og undirbúningur fyrir eins og gera það tilbúið




### Ef svar þitt er já, hvaða hópur?

- sjóferðin hjá einari
- heilsunammi, matreiðsla og smíðar
- sjóferð með Einari
- spilahópur
- tónlistar
- Smíðar
- sjóferðin
- spil
- svn
- Sveitaferðin
- austfirski draumurinn
- Að fara úta sjo
- Austfirski draumurinn

- já sveitaferðahópurinn var mjög skemmtilegur
- það var sveitaferð með dodda.
- Íþróttatíminn í Íþróttahúsinu og skorpupjálfunin í líkamsræktinni.
- voru allir misskemmtilegir :)
- Dans
- síldarvinslu ferðin stoð klárlega uppúr !
- Þrjónakaffið var mjög gott, notalegt og rólegt :)
- spil


**Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri varðandi opnu dagana?**

- þetta er sóun á tíma nemenda og fjármagni skólans
- Nei
- Nei
- Alltaf að hafa sjóferð
- nei
- Annaðhvort flýta árshátíð um viku. Eða seinka um 2 vikur
- Þetta var bara gaman :)
- Matreiðsluhópurinn á föstudeginum var glataður... það er ekki beint mikil matreiðsla í því að undirbúa pitu
- Bara í heildina mjög vel heppnað og skemmtilegt!
- það mætti hafa meiri skipulagningu eins og í spili ps3 talvan var ekki checkuð ef það virkaði þegar ég var þar
- Nei




#### Eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri um borðhaldið?

- hefði matt vera lengra
- Enginn forrettur? Stoð líka hvergi að maður ætti koma sjalf/ur með drykki.
- mátt vera betri lýsing þegar það var verið að borða matinn




#### Annað sem þú vilt koma á framfæri varðandi veislustjórnina?

- Þeir rifu árshátíðina upp
- Svölitið perralegir a tímum
- perralegir
- var hrifnari af veislustjorunum i fyrra




#### Annað sem þú vilt koma á framfæri varðandi skemmtiatriðin?

- annállinn mætti vera lengri og grófari.
- skemmtileg vídjó. Annað var lala
- Þetta er ekki leikskoli. Leyfið okkur að hafa hvað sem er í þesSu
- Hefðu mátt vera fyndin og skemmtileg.



#### Eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri um ballið?

- Matti var slappur




#### Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri varðandi árshátíðina?

- ég líki árshátíðinni við þorablót og veit ekki afhverju það má ekki gera grín af neinu !!
- Ekki matti matt á næsta ári
- Ég vill að fólkið sem býr til þennan annál fari aðeins að skoða allan skólan ekki bara vini nemendaráðsins og sig sjálfa. Það eru fullt af skemmtilegum sögum af fólki í skólanum sem er kannski ekki hluti af "vinsæla fólkinu" sem ég myndi vilja heyra um í annálnum. Megum ekki gleyma að við erum lítill skóli og þar að leiðandi er skemmtilegra að hafa alla með.
- Mjög mjög gaman
- Itreka að það hafi ekki verið neinn forrettur og Nemendaráð skeit a sig með að auglysa að drykkir væru ekki innifaldir...
- Þessi annál og krínigar er bara eftir höfði stelpnana í niva. Ég vissi ekkert af þessum kossnigum og svo var líka bara verið að nota tækifærið til að hefna sín á fólki t.d anna margret arnar tróð inni sem Elvar las ekki, um aron, þarna notfærir hún tækifærið til að niðurlægja hann fyrir framan alla eftir sambandslitin. Það var helling af atriðum þarna t.d um steinunni maríu allar þessar stelpur sem sitja í stjórn niva þær hata hana og það veit ég því ég er góður vinur þeirra en þrátt fyrir það þá voru þær að tota tækifærið og níðast á henni.
- Ekki gott að hafa hlé milli borðhalds og dansleikjar.
- Ógeðsleg borðauppröðun





## Kennarar



### Með hvaða hætti tókst þú þátt?

- Leiðbeinandi í kayakhópi
- Sushi, spil og íþróttahús, síðan fylgdist ég með öðrum viðburðum.
- Stjórnaði hópum tvo daga og aðstoðaði lítillega þriðja daginn.
- Fylgdist með - átti að vera með sögugöngu sem slegin var af vegna kulda.
- Umsjón á verkstæði
- jig-saw puzzles and board games for two mornings and stayed in and around the group in the afternoons and the last morning on and off too (+ visited the knitting group)
- ég var að rífa leikmynd og gat ekki verið með
- sat fyrirlestur og fór með hóp á sjó
- umsjón


- Stjórnaði 2 hópum og gekk á milli í hin skiptin
- Sat vaktina í spilum og leik
- Notaði fyrsta daginn til að taka upp kennaravideo. Annan daginn var ég með pönnukökuhóp fyrir hádegi og þrjónakaffi eftir hádegi. Þriðja daginn átti ég að sjá um kvikmyndasýningu í Atóm. Það gekk illa og var fært í stofu 1. Mestur tíminn fór þó í að klára kennaravideo fyrir árs hátíð.
- Var að kenna
- var með hóp sem var í Tilraunum
- Fylgdi nemendum eftir í þeim hópum sem þau tóku þátt í. Fór á milli hópa og tók ljósmyndir. Já og ég get líka sagt að ég hafi verið með einn hóp ásamt öðrum.





#### Fannst þér eitthvað vanta?

- Það voru þó ekki allir mættir sem áttu að vera í hópunum og það var ekki nógu gott.
- Vantaði fleiri nemendum í hópinn
- more variety of board-games
- Spurning um frumkvæði kennaranna og hugmyndaauðgi



#### Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri varðandi opnu dagana?

- Var fjarri vegna veikinda.
- Það hefur komið fram að stofnað verði sérstakt ráð um opnu dagana ég er fylgjandi slíku.
- Góð framkvæmd og skipulag.

- Nemendur hefðu mátt vera virkari - þátttaka hefði mátt vera betri.
- Það hefði e.t.v.mátt kenna einum morgni lengur og þjappa betur saman eh. miðv.d, fimmtud. og föstud. Spurning um hvort valmöguleikar voru of margir.
- I wonder if it might be a good idea to reduce the Opnir Dagar to one and a half days before the árshátíð and have another day each term where we get together in like fashion. In this way we could keep the positive rapport and ease between teachers and students in a steady continuum of progress.
- Þurfti að vikrja fleiri kennara til að taka þátt. 50 % kennara þarf að samþykkja að taka þátt og standa við það
- Gott að láta nemendur skipuleggja þetta en þarf að undirstinga að skipuleggja þetta til fulls.
- Auðvitaðg hugmyndaríkur. Bara að vera opinn og virkur, þetta er oft spurning um hvað nemendum hentar eða hafa áhuga á. Það hefði kannski verið hægt að æfa fluguköst, og kannski var slæmt að útiveran féll niður, vegna bæði veðurs og vantaði umsjón með því. Annars bara gott.
- Vantar meiri skipulagningu. Ég saknaði hafragrautsins.
- kom mér á óvarrt hvað þessir nemendur höfðu gaman af þessu
- Skipulagið verður að vera betra en ekki hægt að ætlast til þess að nem. nái að gera þetta allt rétt og vel í fyrstu atrennu. Þarf að rétta þeim gátlista og fara yfir þetta með þeim, en þar sem það eru nýir nem í NIVA ár hvert getur þetta verið flókið. En þetta er mikil vinna og ég veit að mikið álag hefur verið á Bobbu í kringum þessa daga. Góð hugmynd að stofna "Opnu daga" ráð því það sem svo margt skemmtilegt hægt að gera í kringum þetta. Væri flott að fá einhverja fyrirlestra. Ég held að það hafi gefist vel að hafa hópana þannig að nem gætu tekið rútna kl: 14:00.

## Viðauki 5 – Tímasett umbótaáætlun skólaárið 2013-2014

### *Haust 2013 - Vinnureglur varðandi böll, menningarferð, o.fl.*

Semja vinnureglur varðandi böll, menningarferðir og fleiri viðburði á vegum skólans þ.e. að það sé alveg skýrt hvert hlutverk hvers og eins er sem kemur að þeim. Lát foreldra skrifa undir trúnaðaryfirlýsingu þegar þeir taka að sér slík störf. Náðist ekki að klára á vorönn 2013 og færist því til haustannar 2013.

### *Haust 2013 - Gátlisti annar*

Í upphafi annar þarf að minna kennara á gátlista annarinnar sem hangir framan við kaffistofuna. Þennan lista þarf að endurskoða reglulega, því stundum bætist eitthvað nýtt við sem gott er að minna á, sérstaklega í upphafi haustannar.

Lát nýja kennara fá gátlistann og fara yfir hann með þeim. Koma aftur upp leiðsögukennara, þ.e.a.s. einn kennari taki að sér einn nýja kennara. Þetta er vinna sem skólameistari ber ábyrgð á að sé framkvæmd. Skal vera komið í gagnið haust 2013.

### *Haust 2013 - Fjarnemar*

Gott væri að kanna sérstaklega meðal fjarnema hvernig þeim líkar fyrirkomulagið og fá þeirra sýn á þeirri þjónustu sem skólinn veitir þeim. Eins kom fram á starfsmannafundi að gott væri að kennarar samræmdu kröfur til fjarnema og upplýsingar um þær væru aðgengilegar, t.d. á heimasíðu skólans og í kennsluáætlunum. Þá þarf að brýna fyrir fjarnemum að hafa samband við kennara í upphafi annar.

Þessi mál þarf að fara yfir vandlega. Athuga vel skilgreiningar og hvað stofnanasamningur segir um þetta. Gera haust 2013.

### *Haust 2013 - Heimanám í kennsluáætlun*

Á fyrsta fundi hvernar annar er mikilvægt að minna kennara á að setja öll stór verkefni í kennsluáætlun. Einnig að brýna fyrir kennurum að setja allt heimanám á kennsluvef jafnóðum. Byrjar haust 2013.

### *Haust 2013 - Umsjónakennarafyrirkomulag*

Lagt til að fjölga fundum nýnema á fyrsta ári með umsjónarkennara, t.d. í þrjá á haustönn og tvo á vorönn. Mikilvægt er að hafa fund í upphafi hvernar annar, t.d. á fyrsta skóladegi annarinnar, bæði haust- og vorönn. Byrjar haust 2013.

Halda áfram því fyrirkomulagi að umsjónarkennari fylgi nemendum upp í gegnum árin.

#### *Haust 2013 - Auka notkun kennsluvefs*

Allir kennarar eiga að nota hann. Það skiptir máli varðandi t.d. kennsluáætlanir og kannanir sem gerðar eru innan skólans. Á haustönn 2013 eiga allir kennarar að vera með kennsluáætlun og e.k. dagbók á kennsluvef.

#### *Viðbót við haust 2013*

- **Auka svörun í áfangamati**
  - Svörun hefur ekki verið nógu góð, síðast að meðaltali 52%. Brýnt að koma svörun upp fyrir 67% til að kannanir verði marktækar. Virkja skólameistara í að fá kennara með í þessa vinnu.
- **Auka notkun kennsluvefs**
  - Taka kennarafund til að kennarar geti borið saman bækur sínar varðandi þetta. Brýna fyrir kennurum að nota kennsluvefinn. Skylda kennarar til þess.
- **Endurskoða áfangamat**
  - Breyta spurningum um nýtingu á kennsluvef.
  - Spyrja hvort kennsluáætlun hafi verið sett á kennsluvef í staðinn fyrir í upphafi annar.
  - Þegar aukaspurningar eru settar inn þarf að taka fram að ef nemendur hafa svarað þeim þá þurfa þeir ekki að svara þeim aftur.
- **Geðræktarkönnun**
  - Sérstök könnun um líðan nemenda gerð í samvinnu við geðræktarhóp Heilsueflandi framhaldsskóla.
  - Endurtaka vorönn 2014.

- **Funda með stjórn NIVA**

- Fara yfir svör við spurningum um hvað sé hægt að gera til að efla félagslíf í VA.
- Fara fyrir nýtingu nemenda á þriðjudagstímum og hvernig eigi að skipuleggja þá.

*Vor 2014 - Umgengni í setustofu nemenda*

Bæta umgengni í setustofu nemenda – spurning hvernig það er best gert. Fela nemendum ábyrgð í samvinnu við NIVA og útskriftarnema sem sjá um sjoppuna? Samkvæmt starfslýsingu húsvarðar ber hann ábyrgð á að umgengni í skólahúsnæðinu sé ávallt til fyrirmyndar. Eilífðarverkefni.

*Vor 2014 – Menntunarstig starfskólks*

Taka saman upplýsingar um menntunarstig starfsfólks og reyna að fá samanburð við aðra skóla. Liggi fyrir í lok annar.

*Vor 2014 – Félagslífshópar*

Kanna aftur þátttöku nemenda í félagslífshópum og í framhaldinu setja tímasett markmið.

## Viðauki 6 - Um sérstakan stuðning við nemendur. Ýtarefni og viðtöl við starfsfólk.

Nemendur sem sækja framhaldsskóla eiga rétt á þjónustu lögum samkvæmt en í 34 gr. framhaldsskólalaganna, nr. 92 frá árinu 2008, segir að skólar skuli leitast við að veita sérstakan stuðning þeim nemendum sem eiga við sértæka námsörðuleika eða veikindi að stríða. Þá eiga nemendur rétt á sérstakri náms- og starfsráðgjöf. Við skólann starfar námsráðgjafi í 75% stöðu. Tvær námsbrautir eru starfræktar fyrir nemendur sem þurfa sérstakan stuðning við nám sitt; framhaldsskólabraut og starfsbraut. Þá starfar sérkennari við skólann í hálfu starfi.

### Náms- og starfsráðgjöf

Haustið 2012 var Hildur Ýr Gísladóttir ráðin tímabundið í starf námsráðgjafa Verkmenntaskóla Austurlands, en Hrönn Grímsdóttir, námsráðgjafi, fór þá í námsleyfi. Ráðningatími Hildar rennur út nú í vor og kemur Hrönn þá aftur til starfa. Fjöldi þeirra nemenda sem leita til námsráðgjafa er um 200 á hverri önn.

Í skýrslu námsráðgjafa fyrir haustönn 2013 kemur fram að námsráðgjafi hafi tekið 287 viðtöl á önninni, flest tengjast þessi viðtöl persónulegum erfiðleikum nemenda s.s. kvíða eða þunglyndi, alls 110 að tölu. Vegna beinnar námsráðgjafar eru 84 viðtöl, þar er átt við greiningar, viðtöl vegna námserfiðleika eða aðstoð við skipulag. 57 viðtöl eru vegna námsvals eða áhugasviðskannana. Þá eru 19 þessara viðtala vegna mætingar nemenda. Námsráðgjafi hittir einnig stundum foreldra nemenda og á haustönn 2013 voru tekin 17 viðtöl við foreldra. Námsráðgjafa er ætlað að vera nemendum til halds og trausts í námi sínu. Hann styður þá í því að velja sér vettvang að lokinni útskrift úr skólanum hvort sem er í námi eða starfi.

Námsráðgjafi skoðar námsferla nemenda með þeim og er þeim til stuðnings í námi sínu. Hluti nemenda þarf á sálrænum stuðningi að halda, þá fer tími í að byggja nemendur upp með aðferðum sem kenndar eru við sjálfsstyrkingu. Það eru notaðar aðferðir hugrænnar atferlismeðferðar í þessu skyni. Andlegir erfiðleikar koma oft niður á námi viðkomandi. Námsráðgjafi vísar stundum málum nemenda áfram til Orra Smárásonar, sálfræðings, til félagsþjónustunnar eða til hjúkrunarfræðings. Námsráðgjafi segir að oft fari mikill tími að leita lausna með nemendum sem eiga í vandræðum. Það getur verið út af áfengisneyslu á heimili, en þá hafi jafnvel komið upp mál þar sem nemendur hafi orðið fyrir kynferðislegri misnotkun en í þeim tilfellum er haft samband við Stígamót.

Námsráðgjafi hefur staðið fyrir ýmiskonar námskeiðum, eins og t.a.m. prófkvíðanámskeiði og eins svokölluðu HAM-námskeiði þar sem nemendum er kennt að notfæra sér hugræna



atferlismeðferð sér til hagsbóta. Þá kemur námsráðgjafi að kennslu áfanga í náms- og starfsfræðslu fyrir nemendur framhaldsskólabrautar.

Námsráðgjafi hefur m.a. það hlutverk að styðja nemendur sem af ýmsum ástæðum eiga erfitt með að mæta í skólann. Í lok hvers fjarvistartímabils eru svokallaðir skjólfundir þar sem farið er yfir ástundunum nemenda. Þessa fundi situr námsráðgjafi ásamt umsjónarkennurum, skólameistara og áfangastjóra. Oft leiða þessir fundir til þess að nemendur komi síðan til námsráðgjafa til viðtals. Í kjölfarið koma síðan sumir þessa nemenda við hjá námsráðgjafa reglulega, jafnvel daglega, til þess að láta vita að þeir séu mættir í skólann. „Inni á skrifstofunni hjá mér er þægilegt vinnuumhverfi, meðal annars á einn nemandi það til að líta inn til mín bara til þess að setjast aðeins niður. Sá á það jafnvel til að leggjast aðeins á gólfíð bara til þess að safna orku. Hann kemur þá jafnvel út úr tíma til þess, leggst á gólfíð hjá mér í nokkrar mínútur og fer svo í tíma aftur,“ segir námsráðgjafi.

Auk þessara verkefna sem eru talin hér að ofan þá hefur námsráðgjafi samstarf við umsjónarmann starfsbrautar vegna þeirra nemenda sem þar eru. Það má ljóst vera að námsráðgjafi skólans hefur nóg að gera og e.t.v. þörf fyrir meira en 75% stöðu.

Á meðan á vinnu þessarar úttektar stóð var tekin sú ákvörðun að næsta vetur verði tveir námsráðgjafar starfandi við skólann og starfshlutfall þeirra beggja verði 50%. Því verður stöðugildi námsráðgjafa samtals 100%.

## Starfsbraut

Starfsbraut hefur verið starfrækt við Verkmenntaskóla Austurlands frá árinu 2008. Brautin er hugsuð fyrir nemendur sem notið hafa verulegrar sérkennslu á grunnskólastigi og þurfa sérhæft einstaklingsmiðað nám miðað við færni og áhuga. Auður Þorgeirsdóttir, þroskaþjálfari er umsjónarmaður starfsbrautar. Auk hennar starfar Ólafía Einarsdóttir við kennslu á brautinni. Þá kemur Helga Magnea Steinsson að kennslu á brautinni, en hún er í 50% starfi sem sérkennari við Verkmenntaskóla Austurlands.

Nemendur á brautinni eru átta og er búist við að þeim fjölgi um einn á næsta ári, en gert er ráð fyrir að tveir nemendur útskrifist af brautinni vorið 2015. Starf á starfsbrautinni miðar að því að mæta nemendum á þeim stað sem þeir eru í námi. Sumir nemendur sækja alla sína tíma á starfsbrautinni fyrir utan íþróttir og lífsleikni með öðrum nemendum skólans. Á meðan aðrir starfsbrautarnemar sækja kennslustundir í almennum greinum eftir getu og áhuga. Þessir nemendur fá þá stuðning við að vinna verkefni og annað heimanám hjá starfsfólki starfsbrautar.

Oft getur verið flókið að þússla saman stundaskrá bæði fyrir nemendur og kennara brautarinnar. Umsjónarmaður brautarinnar segir að nemendur hennar þurfi að fá samfellda stundaskrá og að helst þyrftu þeir að geta verið búnir í skólanum fyrir klukkan tvö á daginn. „Þessir nemendur hafa ekki mikið úthald eftir þann tíma og þeir eiga mjög erfitt með að vera í götum. Það væri því mjög gott fyrir okkur hér á starfsbrautinni að fá sérstakan aðgang að Innu til þess að geta búið til stundaskrár fyrir nemendur okkar.“

Þörf starfsbrautarnemenda fyrir námsstuðning eykst eftir því sem þeir eru komnir lengra í námi sínu. Fæstir af þessum nemendum geti fengið mikinn stuðning heima fyrir, þá eru nokkrir nemendur sem búa á heimavistinni sem þurfa stuðning við heimanám. Það er hlutverk starfsbrautarinnar að sjá um þennan hluta af náminu.

Draumur umsjónarmanns starfsbrautarinnar er að nemendur hennar geti verið meira í verklegu námi á sínum forsendum. Hún segist gjarnan vilja geta notað verkstæðin í verkkennsluhúsinu meira og látið nemendur vinna verkefni þar. Fyrir nokkrum árum var nemandi á starfsbraut sem tók hluta af námi sínu í trúnaði. Þá var gerð tilraun í fyrravetur með einhverskonar iðnáfanga þar sem starfsbrautarnemendur og framhaldsskólanemendur voru saman í hópi. Reynslan af þessu var ekki nógu góð vegna þess hver hóparnir voru ólíkir.

### **Framhaldsskólabrautin**

Inntökuskilyrði Verkmenntaskóla Austurlands eru miðuð við einkunnir nemenda úr 10. bekk í íslensku, ensku og stærðfræði. Nemendur sem hafa fengið lægri einkunn en 5 í þessum greinum geta komist inn í skólann á framhaldsskólabraut. Þessir nemendur þurfa flestir mikið aðhald og sérstakan stuðning. Á haustönn 2013 stunduðu 15 nemendur nám á framhaldsskólabraut en þeir voru 14 á vorönn. Á vorönn hurfu fjórir nemendur frá námi af ýmsum ástæðum. Margrét Perla Kolka hefur umsjón með brautinni og segir hún að nemendum sé fylgt eftir jafnvel eftir að viðkomandi sé flosnaður upp úr námi. Þá sé málum nemenda vísað áfram til félagsþjónustunnar en skólinn er þátttakandi í svokölluðu ABG-verkefni. Það er hugsað fyrir börn og ungmenni sem glíma við hegðunar- og tilfinningavanda. Nemendur framhaldsskólabrautar njóta forgangs á sviði ýmiskonar stoðþjónustu svo tímum sérkennara. Á brautinni eru nokkrir áfangar sem er skylda fyrir alla nemendur að sækja, en auk þess þá sækja nemendur áfanga í almennu námi eftir áhugasviðum sínum. Sem dæmi um áfanga sem eru skylda á brautinni eru svokallaðir “Art”- áfangar þar sem unnið er markvisst að því að efla siðferðisþroska nemenda auk þess sem þar er kennd reiðistjórnun. Nemendur fara í starfsþjálfun (STV), þeir taka áfanga í heilsurækt, fjármála- og félagsfærni (HFF).

Umsjónarkennari og námsráðgjafi hittir nemendur einu sinni í viku þar sem rætt er um mætingu nemenda, gerð er grein fyrir ástæðum fjarvista; líðan nemenda; samskiptum nemenda við samnemendur sína og samskiptunum við kennara; heimilisaðstæður ræddar; staða nemandans í námi rædd rædd, þ.e. hversu vel honum gengur að vinna verkefni sín o.s.frv.

Umsjónarkennari brautarinnar hefur samband við foreldra allra nemenda sem á brautinni eru og heldur með þeim reglulega fundi. Þá situr hann nemendavarnarráðsfundi þar sem fjallað er um málefni nemenda en á þeim fundum situr skólameistari, auk fulltrúa frá félagsþjónustunni. Nokkuð samstarf er á milli skólans og félagsþjónustunnar varðandi þá nemendur sem eru á framhaldsskólabrautinni og bendir umsjónarkennari framhaldsskólabrautar á að í bígerð sé að bjóða foreldrum þessa nemenda upp á svokallað “fjölskyldu-ART”, þ.e. námskeið þar sem unnið er með sömu aðferðir og notaðar eru í ART-tímum.

Umsjónarkennari brautarinnar er þess viss að nemendur hennar flosni síður upp úr námi eftir tilkomu brautarinnar. Þar sé markvisst unnið að því að kenna nemendum samskipti, nemendum líði betur í skólanum en ef þeir ættu ekki kost á því að vera á þessari braut. Full þörf er á að styðja vel við starfsemi framhaldsskólabrautarinnar, hún er liður í því að sporna gegn brottfalli.

## Sérkennari

Haustið 2013 var Helga M. Steinsson ráðin í 50% stöðu sem sérkennari við Verkmenntaskóla Austurlands. Hún vinnur náið með umsjónarmanni starfsbrautar og sér að hluta til um kennslu þeirra nemenda sem eru á þeirri braut. Þá aðlagar hún námsefni þeirra starfsbrautarnema sem eru í almennum greinum að þörfum nemendanna.

Nemendur á framhaldsskólabraut hafa fengið stuðning hjá sérkennara við heimanám og ýmsa verkefnavinnu. Sérkennari vill að skipulagið á þessu sé formlegra, þannig að þessir nemendur hafi sérstaka stuðningstíma í stundatöflu hjá sér. Hún sér fyrir sér að kennarar gætu vísað nemendum til sérkennara finni hann að þeir þurfi aðstoð við úrlausn ákveðinna verkefna. “Þetta þarf að vera fast í skipulaginu, þannig að þessir nemendur hafi ekkert val um að mæta í stuðningstíma.” Sérkennari vísar til þess að í vetur hafi kennari haft samband við sig vegna nemanda sem var í vandræðum, en viðkomandi nemandi hafi ekki mætt til sín vegna þess að stuðningstímar voru ekki á stundarskránni hjá honum. Á vorönn voru auglýstir opnir tímar hjá sérkennara þar sem nemendur gætu komið og fengið aðstoð. Nýtingin á þeim tímum var engin.

Sérkennari hefur tekið nemendur í lestrargreiningar. Þá er athugað hvernig nemendur standa í lestrinum. Mældir eru þættir eins og leshraði, skilningur og hlustunarskilngur. Gera þarf átak í því í skólanum að fleiri nemendur fari í slíkar greiningar. Þá væri e.t.v. hægt að grípa inn í með ýmsum úrræðum, eins og að kenna nemendum mismunandi lestrartækni.

Sérkennari hefur uppi áætlanir um að móta starfið betur á næsta vetri.

### **Heimildir.**

Byggt á viðtölum sem tekin voru vorið 2014 við Hildi Ýr Gísladóttur, námsráðgjafa; Auði Þorgeirsdóttur, umsjónarmann starfsbrautar; Margréti Perlu Kolku, umsjónarkennara framhaldsskólabrautar; Helgu Magneu Steinsson, sérkennara.